

## L ö g

### um hagstofu Íslands.

Nr. 24.  
20.  
október.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

#### 1. gr.

Það skal falið sjerstakri stofnun, að safna skýrslum um landshagi Íslands, vinna úr þeim og koma þeim fyrir almennings sjónir. Stofnunin nefnist hagstofa Íslands, og stendur beinlínis undir ráðherranum.

#### 2. gr.

Þessi eru meginatriði landshagsins, sem hagstofunni ber einkanlega að rannsaka:

1. Fólksmagn: a, manntöl; b, fæðingar; c, hjónabönd; d, heilsufar; e, manndaudi; f, fólksflutningar.
2. Dómsmál, þar með talin einkamál, sáttanefndarmál, sakamál og lögreglumál.
3. Atvinnuvegir: a, landbúnaður; b, iðnaður; c, fiskiveiðar; d, siglingar og verslun; e, bankar, sparisjóðir og aðrar allsherjar lánsstofnanir.
4. Efnahagur landsmanna: a, tekjur af eign og atvinnu; b, virðingarverð jarðeigna og þinglesnar veðskuldir á þeim; c, virðingarverð húseigna með lóðum og veðskuldir á þeim eignum; d, verðmæti skipa og báta og veðskuldir er á hvíla.
5. Stjórnsmál: a, notkun kosningarrjettar; b, starfsmenn þjóðfjelagsins.
6. Fjárhagur landsins, sýslufjelaga og sveitarfjelaga, gjafasjóðir og styrktarsjóðir.
7. Þjóðareignir til almenningsnytja: a, vegir og brýr; b, ritsímar og talsímar; c, póstflutningar.
8. Fræðslumál: a, barnafræðsla; b, unglingskólar og aðrir alþýðuskólar.
9. Tryggingarstarfsemi: a, líftrygging; b, heilsutrygging; c, eignatrygging.

Auk skýrslna um framangreind atriði vinnur hagstofan að skýrslum, er hjer eftir kunna að verða lögboðnar eða fyrirskipaðar af landsstjórninni, eða hagstofan sjálf óskar eftir í samráði við hlutaðeigandi stjórnarvöld.

#### 3. gr.

Hagstofan á að aðstoða landsstjórnina með hagfræðis útreikningum og skýringum, er hún óskar eftir, og gefa henni álit og yfirlýsingar, þegar þess er leitað.

Landshagsskýrslur skulu koma út svo fljótt sem unt er, jafnóðum og þær eru tilbúnar frá hendi hagstofunnar.

Árlega skal gefa út stuttan útdrátt úr helstu landshagsskýrslum síðasta árs, með þýðingum á eitthvert hinna þriggja aðalmentamála.

#### 4. gr.

Öll þau störf viðvíkjandi söfnun og móttöku landshagsskýrslna, sem samkvæmt gildandi lögum, reglugjörðum o. fl. nú hvíla á stjórnarráði Íslands, hefir hagstofan á hendi eftirleidis.

Heimilt er hagstofunni að fyrirskipa, að skýrslur, sem hingað til hafa verið sendar frá hreppstjórnarvöldum eða einstökum mönnum til sýslumanns, sjeu sendar

Nr. 24. beint til hagstofunnar, og getur hún endursent til leiðrjettingar skýrslur, er henni þykja  
 20. ófullnægjandi, heimtað frekari upplýsingar, með þeim viðurlögum, sem lög greina um  
 október. vanrækslu í því, að inna af hendi lögmælt skýrsluskil.

5. gr.

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri og einn aðstoðarmaður, skipaðir af ráðherra. Vanalega hafa þeir einir rjett til þessara starfa, er lokið hafa háskólaprófi í stjórnfraði. Hagstofustjóri hefir að launum 3000 kr., en aðstoðarmaður 2500 kr.

6. gr.

Til stofnsetningar hagstofunnar veitast alt að 3000 kr. af landssjóði. Laun starfsmanna og árskostnaður til húsaleigu, ljóss og ræstingar, svo og til aukavinnu, prentunarkostnaðar og venjulegs skrifstofukostnaðar veitist á fjárlögum fyrir hvert ár.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

**H. Hafstein.**

Nr. 25.

20.  
október.

## L ö g

um breyting á lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað 2. gr. komi svolátandi grein:

Ekkert lán má fara fram úr 5000 kr. Lánin ávaxtast og afborgast með 4 % á ári. Af því eru 3½ % vextir, en ½ % afborgun.

2. gr.

Í staðinn fyrir þessi orð í 5. gr. »skal sá hafa forgöngurjett« komi: skal sá að jafnaði hafa forgöngurjett.

3. gr.

Í stað 6. gr. komi svolátandi grein:

Hús, er lán er lagt til úr landssjóði, skulu vera gjörð eftir uppdrætti, sem landsstjórnin samþykkir, úr steini eða steinsteypu og þak varið járn eða eigi ótryggara efni.